

Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna yfir Íslandi um prestakallslán — 157

Með þóknanlegu brjefi, dagsettu 14. þ. m, hafið þjer, herra amtmaður og þjer, herra biskup, sent hingað erindi frá prestinum á Prestsbakka á Síðu í Vesturskaptafellsprófastsdæmi, síra Magnúsi Bjarnarsyni, þar sem hann sækir um það, að jeg veiti samþykki mitt til þess að hann mætti eiga 500 króna virði í hinu nýja íbúðarhúsi, sem hann samkvæmt leyfi mínu 20. júlí f. á. (Stj.tíð. 1897, B, bls. 179) hefir byggt á prestakallinu fyrir embættislán uppá prestakallið, að upphæð 3500 kr., er bundið var því skilyrði meðal annars, að íbúðarhúsið yrði eign prestakallsins. Hafið þjer í nefndu brjefi yðar af ástæðum, sem þar eru taldar, lagt það til að hið umbeðna yrði veitt, svo framarlega sem jeg yfir höfuð geti fallizt á að veita slíka undantekning, þó svo að hinn eptiræskti eignarrjettur nefnds prests til 500 króna í húseigninni komi eigi þegar í gildi, heldur að eins ef hann í 10 ár greiði tilskilda vexti og afborganir af hinu umgetna láni.

Ut af þessu skal yður hjer með til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir beiðandanum, að, með því að hið umrædda hús er þegar orðið eign prestakallsins, brestur mig heimild til þess að veita prestinum eignarrjett í húsinu eða fallast á það, að hann fái eignarrjett í því.

Reglugjörð**158**

fyrir stýrimannaskólann í Reykjavík.

30. nóvbr.

Samkvæmt lögum 22. maí 1890, um stofnun stýrimannaskóla á Íslandi, 1. gr., eru hjermed gjörð nánari ákvæði um kennslufyrirkomulag skólans m.m.

1. gr.

Það er ætlunarverk stýrimannaskólans, að veita mönnum á landi hjer kost á kennslu í stýrimannafræði og búa lærisveina skólans undir hið minna og meira stýrimannspróf.

2. gr.

Í skólanum skal kenna 7 stundir á dag alls í hverri kennsludeild; skal 5 stundum varið til kennslu í stýrimannafræði og stærðfræði og 2 stundum til kennslu í íslenzku, dönsku, ensku og sjórjetti. Kennslan byrjar kl. 8 árdegis og endar kl. 3 síðdegis. Hljé skal verða á kennslunni frá kl. 10³/₄ til 11¹/₂ til morgunverðar. Sömuíeíðis skal gefa allt að 10 mínútum til hreyfinga úti við á milli hverra tveggja samliggjandi kennslustunda. Verða þannig á viku hverri 30 stundir í stýrimannafræði og stærðfræði, 4 stundir í íslenzku, 4 í dönsku, 2 í ensku og 2 í sjórjetti í hverri kennsludeild.

Undantekningu má gjöra frá ákvæðum greinarinnar, ef sjerstakar ástæður eru, með samþykki stiptsyfirvaldanna.

29. dag desbrm. 1898.

30. nóvbr.

Forstöðumaður skólans skal hafa á hendi alla umsjón með skólanum, standa fyrir öllum útvegnum á öllu því, sem skólinn þarfnast, sjá um ræstingu og viðhald á öllum húsakynnum og áhöldum skólans úti og inni, og hafa á hendi reikningshald yfir allt, sem hann kaupir til skólahaldsins á hverju ári. Senda skal hann aðalreikning með fylgiskjölum til stiptsyfirvaldanna við hver áramót yfir það, sem skólinn hefir brúkað hið liðna ár.

Hann skal sjá um, að góðri reglu sje haldið og annast um, að bækur þær og áhöld, sem nauðsynlegar eru við námið, sjeu til, þegar á þarf að halda. Velur hann til hentugar kennslubækur í þeim námsgreinum, sem hann kennir sjálfur og í samráði við hlutaðeigandi kennara í öðrum greinum, þannig að fullnægt verði kröfunum í 3 gr. laganna 9.—12. tölulið. Forstöðumaður skipar fyrir um fyrirkomulag á kennslunni í hverri deild og niðurröðun kennslustunda og semur stundatöflu á hverju ári, áður en kennsla byrjar, undir samþykki stiptsyfirvaldanna; með samþykki þeirra má síðar á árinu gjöra breytingu á stundatöflunni, ef nauðsyn krefur.

Við lok hvers skólaárs skal forstöðumaður senda stiptsyfirvöldunum greinilega skýrslu um allt ásigkomulag skólans, kennsluna og prófin hið liðna ár; þeirri skýrslu skal fylgja greinileg skrá um öll áhöld skólans, með þeim breytingum, sem á þeim verða.

4. gr.

Lærisveinum skólans skal skipað í deildir, svo margar sem þurfa þykir og húsrúm og kennslufje leyfir, þannig að allir lærisveinar skólans, sem að minnsta kosti hafa lært alla þá stærðfræði, sem skylt er að kunna við burtfararpróf, skulu settir í stýrimannafræðisdeild, eina eða fleiri, eptir fjölda nemenda. Sömu reglu skal fylgt um þá nýsveina, sem hafa vottorð um það frá áreiðanlegum manni, er tekið hefir próf í stýrimannafræði, að þeir kunni öll hin fyrirskipuðu atriði í stærðfræði, en sanna skulu þeir til frekari fullvissu kunnáttu sína með inntökuprófi. Aðrir nýsveinar skulu settir í undirbúningsdeild. — Setja skal þá lærisveina saman í deild, sem líkasta kunnáttu hafa. Flytja má lærisveina úr einni deild í aðra eytir atvikum, svo ávallt verði þeir lærisveinar saman, sem jafnastir eru að kunnáttu og ástundun.

5. gr.

Forstöðumaður skal hafa á hendi fyrst um sinn allar munnlegar kennslustundir í stærðfræði og stýrimannafræði í stýrimannafræðisdeildum skólans, þó ekki í fleiri en tveimur deildum á hinum ákveðna kennslutíma, og hefir hann þá 4 munnlegar kennslustundir á dag að minnsta kosti; ennfremur skal hann gegna þeim skriflegu kennslustundum, sem hann getur komizt yfir í sömu deildum, og sem honum þykir þörf bera til.

Undirkennarinn skal hafa á hendi fyrst um sinn hina skriflegu kennslu í stýrimannafræðisdeildunum, þó ekki í fleiri en tveimur deildum á hinum ákveðna kennslutíma á milli þess, sem hinar munnlegu stundir fara fram, og hefir hann

svo margar stundir, sem hann getur komizt yfir. Hann skal ávallt vera forstöðumanni til aðstoðar, þegar með þarf, við öll kennslustörf, úti og inni, og má ekki víkja frá skólanum, fyrri en kennslunni og prófunum er lokið og skólanum sagt upp á vorin. 158
30. nóvbr.

Til þeirrar kennslu, sem hinir föstu kennarar ekki hafa á hendi, skal ráða stundakennara eptir þörfum. Þeir, sem sækja vilja um stundakennslu, skulu afhenda forstöðumanni beiðni um það í tæka tíð, stílaða til stiptyfirvaldanna, en forstöðumaðurinn sendir stiptyfirvöldunum bónarbrjefin með tillögum sínum, og ráða þau síðan til kennslunnar þá af sækjendum, er hæfastir þykja. Eigi verða aðrir teknir til kennslu í málunum en þeir, sem færir eru um að tala málin, og skulu þeir annaðhvort hafa tekið stúdentspróf, eða hafa fengið þekkingu, er teljast megi jafngildi þess. — Sjórjett skal kenna lögfróður maður, og stærðfræði helzt maður, er tekið hefir stýrimannsprót. — Sæki aðrir en Íslendingar um kennslu, verða þeir að sanna næga kunnáttu sína í málinu.

6. gr.

Jafnótt og lærisveinar í undirbúningsdeild ljúka við stærðfræðisnámið, skulu þeir fluttir upp í stýrimannafræðisdeild, ef rúm leyfir. Að öðrum kosti skal þeim þegar veitt tilsögn í stýrimannafræði, annaðhvort í undirbúningsdeildinni, ef kennslukraptar þar leyfa, eða í sjerstökum aukastundum síðari hluta dags.

7. gr.

Þeir lærisveinar, sem taka hið minna próf og standast það, eiga kost á, að verða prófaðir í íslenzku, dönsku, ensku og sjórjetti. Skulu þá einkunnirnar í þessum greinum tilfærast sjerstaklega í vitnisburðarbrjefunum, en engin áhrif hafa á prófseinkunnina.

8. gr.

Aðgang að skólanum geta nemendur fengið hvenær sem er á skólaárinu, á meðan húsrúm leyfir; svo skal þeim og leyft að fara úr skólanum, geti þeir einhverra orsaka vegna ekki haldið náminu áfram, þó eigi án mjög brýnna ástæðna fyrir 1. marz. Inntökubeiðni skal vera skrifleg, stíluð til stiptyfirvaldanna, og afhendast forstöðumanni, er kemur henni á framfæri. Til brottfarar úr skólanum, hvort heldur er um lengri eða skemmri tíma, þarf samþykki forstöðumanns.

9. gr.

Skilyrði fyrir inntöku í skólann eru:

1. Að lærisveinninn hafi óflekkað mannorð.
2. Að hann sje fullra 15 ára að aldri.
3. Að hann sje vel læs, sæmilega skrifandi, kunni 4 höfuðgreinir í heilum tölum og brotum og riti íslenzku stórlýtalaust.
4. Að hann hafi verið í sjóferðum á þilskipi eigi skemur en 4 mánuði.

Um þessi atriði skulu, að því sem unnt er, vottorð frá áreiðanlegum mönnum fylgja inntökubeiðninni.

158

10. gr.

30. nóvbr.

Skólaárið skal vera frá 1. október til 31. maí. Skal skólinn settur fyrsta virkan dag í október, en kennslan byrja 3. október, nema það sje laugardagur eða sunnudagur, því þá byrjar hún næsta mánudag. Þessi leyfi eru á skólaárinu: 1. Jólaleyfi frá 23. desember kl. 12 á hádegi til 3. janúar, eða, beri hann upp á laugardag eða sunnudag, þá til næsta mánudags. 2. Páskaleyfi frá miðvikudegi fyrir skírdag til þriðja í páskum, að báðum dögum meðtöldum. — 3. Hvítasunnuleyfi frá laugardegi fyrir hvítasunnu til næsta þriðjudags, að báðum dögum meðtöldum. 4. Sumardagurinn fyrsti. 5. Fæðingardagur konungs.

11. gr.

Í skólanum skulu viðhafðar verklegar æfingar úti við bæði með áttungs- og sjöttungsmæli (oktant og sextant], þegar tækifæri gefst, sólarhæð mæld, bæði yfir náttúrlegan og tilbúinn sjóndeildarhring, þegar því verður við komið, bæði í hádegisbaugi og fyrir utan hann, í sextímabaug og fyrsta azimuthbaug (vertikal). Með þessum athugunum skal finna breiddina, bæði þegar sól er í hádegisbaugi og fyrir utan hann; staðarlínur; stöðu og gang sjóursins; tímaathuganir, yfir höfuð að tala; kronometerlengdir; azimuth sólar; misvísun og deviation. Sömuleiðis skulu hornmælingar viðhafðar milli fastra hluta á landi.

Æfingar þessar um athugun sólar skal rita í bók, og skal forstöðumaður geyma hana; skal þar skýrt frá, hvenær mælingin fór fram, á hverri stundu og á hvern hátt, hvað út kom við útreikninginn og nafn lærisveinsins, er mældi. Sjerhver athugun skal skrifuð svo fullkomlega, að hún verði endurreiknuð, ef þörf þykir. Bók þessa skal forstöðumaðurinn senda stiptsyfirvöldunum til álita við lok skólaársins.

12. gr.

Öll nauðsynleg áhöld við hinar verklegu æfingar leggur skólinn til, sömuleiðis allt það, sem nota þarf í skólanum við kennsluna. En sjálfir skulu lærisveinar kosta bækur þær og áhöld, sem þeir þurfa við námið. Með öll áhöld og muni skólans bæði innanhúss og utan, sem og skólahúsið sjálft, skulu þeir fara vel, og skemmist eða glatist nokkuð af munum eða áhöldum skólans fyrir vangá þeirra eða kæruleysi, eða, ef skemmdir verða á skólahúsinu af þeirra völdum, skulu þeir greiða fullar bætur fyrir. Þeir skulu vera komnir í skólann á hverjum degi áður en kennslustundir byrja, og mega ekki fara út í kennslustund án leyfis hlutadeigandi kennara. Þeir skulu ávallt í skólanum vera siðprúðir og ástundunarsamir, ekki viðhafa áflog eða ryskingar, ekki neyta matar í skólahúsinu nje reykja tóbak.

Geti lærisveinn eigi sótt kennslustundir einhvern dag sökum veikinda, ber að tilkynna það forstöðumanni.

13. gr.

Forstöðumaðurinn skal rita í bók, sem til þess verður útveguð, nöfn þeirra lærisveina, sem koma í skólann, hversu margir nemendur í skólanum eru

á hverju ári og hvenær lærisveinar fara burtu úr honum. Sömuleiðis skal hann **158** rita í sjerstaka áhaldabók skrá yfir öll þau áhöld og muni, sem skólinn á, og jafnóðum geta þess, sem við bætist eða gengur úr sjer. Skulu bækur þessar ^{30. nóvbr} ávallt geymdar í skólanum.

Reglugjörð 30. september 1891 er hjermeð felld úr gildi.

Stiptsyfirvöldin yfir Íslandi.

Reykjavík, 30. nóvember 1898.

J. Havsteen. Hallgr. Sveinsson.

Styrkur úr landssjóði

13. gr. B. VI. b. 2.

Til sveitakennara var með brjefi landshöfðinga, dagsettu 30. nóv. 1898, veittur þessi styrkur s. á.

I. Norðurmúlasýsla.

1. Kristján Guðnason á Vopnafirði	kr. 50
2. Gísli Benediktsson sama staðar	— 30
3. Sesselja Stefánsdóttir sama staðar	— 40
4. Jón Jónsson í Kirkjubæjarsókn	— 40
5. Sigurður Antoníusson sama staðar	— 40
6. Halldór Benediktsson í Hjaltastaðaprestakalli	— 45
7. Ólafur J. Bergsson í Fellum og Jökuldal	— 20
8. Magnús Guðmundsson í Ássókn	— 40
9. Pjetur Stefánsson í Fljótsdal	— 25
10. Einar Hávarðsson í Valbjófsstaðarprestakalli	— 40
11. Jón Árnason á Seyðisfirði	— 35
	kr. 405

II. Suðurmúlasýsla.

1. Helgi Eiríksson í Reyðarfirði	kr. 30
2. Steinn Jónsson sama staðar	— 60
3. Þorvarður Brynjólfsson í söfnuði utanþjóðkirkjumanna á Völlum	— 40
4. Bjarni Sigurðsson í Fáskrúðsfirði	— 35
5. Gísli Sigurðsson í Breiðdal	— 15
6. Tryggvi Daníelsson í Álptafirði	— 50
	kr. 230

III. Skaptafellssýsla.

1. Bergþór Ófeiggsson í Einholtssókn	kr. 30
2. Runólfur Pjetursson í Kirkjub.prestak.	— 35
3. Lárus Helgason sama staðar	— 30
4. Eyjólfur Guðmundsson í Hvammshreppi	— 35
5. Vilhjálmur Brandsson í Reynissókn	— 15
6. Friðrik Þorsteinsson í Dyrhólasókn	— 25
7. Ólafur H. Jónsson í Mýrdal	— 20
	kr. 190

IV. Rangárvallasýsla.

1. Lárus Bjarnason í Eyvindarhólasókn	kr. 40
2. Jón Sveinbjarnarson í Holtsprestakalli	— 45